

82  
18. okt.

## AUGLÝSING

um aðild Íslands að alþjóðasamningi um höfundarétt.

Hinn 18. september 1956 var forstjóra Menningar- og Visindastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) afhent aðildarskjal Íslands að alþjóðasamningi um höfundarrétt, er gerður var í Genf 6. september 1952.

Samkvæmt 9. gr. samningsins gengur hann í gildi, að því er Ísland varðar, hinn 18. desember 1956.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 18. október 1956.*

Emil Jónsson.

Henrik Sv. Björnsson.